




[Svigrúm íslenskra grunnskólastjóra til forystu og stjórnunar]

[Helga Guðmundsdóttir]

*Menntamál á Suðurlandi -
Tækifæri í kreppunni
Menntaþing SASS í Gunnarsholti
4. mars 2011*





MPA-verkefni

- Val á viðfangsefni
 - “Lögmál um góða skólastjórnun”
- Bakgrunnur
- Rannsóknarspurningar:
 - Af hverju markast svigrúm íslenskra grunnskólastjóra til forystu og stjórnunar öðru fremur?
 - Hvernig vinna þeir með þetta svigrúm sitt og hvernig fellur ábyrgð þeirra í starfi að því svigrúmi sem þeir hafa?
- Aðferðarfræði
 - Takmörkun gagna



Niðurstöður

- Afar mikið efni að vinna úr
 - Staðfesting á fyrirfram mótuðum hugmyndum
 - ... og ýmislegt því til viðbótar.
- Eftirminnilegir viðmælendur, sem hafa úr digrum reynslusjóðum að ausa og mótaða sýn á störf sín - hver með sínum hætti...
- Stjórnunarrými sem e.t.v. virðist mjög mótað reynist viðmælendum mjög misrúmt – viðhorf móta tækifærin
- Nemandinn afar skýrt í brennidepli í öllum svörum



Þættir sem styðja og þættir sem takmarka

- Opinberir rammar eru fremur styðjandi en takmarkandi
- Fjármál – ríkur skilningur á aðstæðum – finna fyrir þröngri stöðu
- Kröfur stjórnsýslunnar
- Hagsmunaaðilar fremur styðjandi og veita hollt aðhald – sterkir stuðningsaðilar
- Stofnanamenning mjög mótandi – getur hvort sem er verið styðjandi eða takmarkandi
- Kjarasamningar grunnskólakennara



Ummæli....

- ... Við búum okkur ekki til ramma úr lögunum, sem við gætum alveg gert ef við vildum. Þetta er bara hvort ætlar þú að taka tímann þinn og ergja þig á að fjandans girðingin sé of há eða leita að hliði.
- ... Aðalnámskrá – hlaðborð eða tæmandi listi???
- Fjármálin eru faktor, og þar er verið að þrengja að. ... Ég myndi vilja hafa þar aðeins meira svigrúm, en það á ekkert að vera af endalausum að taka.
- ... Svo er það kjarasamningur, ég bara ítreka að hann er hamlandi á skólastarf. ...
- ... Mér finnst þeir (*kjarasamningar kennara*) bara ekki í takt við nútímann.
- Það er líka mikið verið að hnippa í kennarana hérna og spyrja þá hvort það sé nokkuð verið að láta þá gera einhverja óeðlilega hluti, vinna of mikið, gefa vinnuna sína eða svoleiðis. Það er mjög mikið eftirlit með því.



Virk áhrif á svigrúmið

- Krefjandi og tímafrekt að tryggja hæfilegt svigrúm og á sumum sviðum ómögulegt
 - Nota óhikað öll tækifæri sem snúa að því að beita áhrifum á opinbert regluverk
 - Vinna margir markvisst með stofnanamenningu
 - Starfa markvisst með foreldrum og nærsamfélagi
 - Reyna eftir því sem kostur er að vinna með úreltum kjarasamningum og gamaldags viðhorfum en hér reynist þeim erfiðast að beita áhrifum til árangurs.



Ummæli

- ...Viðmiðunarstundaskráin er náttúrulega bara barn síns tíma og á að henda, ég meina það vita allir að við hérna erum ekki að fara eftir henni.
- Foreldrar eru sérfræðingar í börnunum sínum og við erum auðvitað sérfræðingar í námi og kennslu og við erum ekkert alltaf sammála.
- Það eru svona alls konar kreddur í hausnum á okkur sem við erum að slást við.
- GOSARNIR



Staða skólastjórans

- Bæði fremstur meðal jafningja og opinber stjórnandi með ríkar skyldur sem slíkur
- Stendur á krossgötum þar sem öflugir kraftar kalla úr öllum áttum – leggur mikla áherslu á að sinna öllum sem skyldi
 - Leggur ríka áherslu á *forystuhlutverk* sitt gagnvart öllum þeim hópum sem hann vinnur fyrir og með
- Staða skólastjórans í stjórnsýslunni
- Bakland afar mikilvægt og ákveðna þætti virðist þar skorta, en skólastjórar virðast ekki alltaf hafa/finna farveg til að gera kröfur á bakland sitt hvað þessa þætti varðar



Ummæli

- Ég held þú þurfir að elska starfið þitt til þess að leiða svona starf, ég held að þú þurfir að vera tilbúin til þess að leggja dálítið mikið á þig. Þetta væri ekkert hægt ef þú sætir bara inni á skrifstofunni og þú veist...
- Stundum hugsar maður sko, hvar fær ég sem stjórnandi næringu fyrir mig til að halda áfram. ... En þú þarft að passa þig á þessu, ef þú ætlar að halda áfram að vera í þessari mótivasjón, ef þú ætlar að halda áfram að leiða hópinn þinn ... Þá þarftu að fá næringu, annars bara brennur þú upp.
- Ég hef dálítið leitað í litteratúr, og svo náttúrulega er ég í stjórnunarteymi, ... Það hefur verið ofsalega gott. En svo þarftu samt líka, og ég er svolítið að leita núna, hvar finn ég eitthvað til þess að hlaða tankana og gera það áður en ég ... Já áður en ég hugsa bara ... Því mér finnst þetta ennþá æðislega skemmtilegt ... Þetta verður að vera það.